

Nd.

307. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda 500 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Á eftir orðunum „sem ríkið er eigandi að“ í 2. gr. laganna komi: eða í landi, sem er eign sveitar- eða bæjarfélaga, enda takist samningar um það.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Áður en landnámssvæði í ríkiseign er ákveðið, skal nýbýlastjórn o. s. frv.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi:

Þau sveitar- og bæjarfélög, sem óska að verða þessa landnáms aðnjótandi, skulu sækja um það til nýbýlastjórnar. Sé þeim gefinn kostur á slíku landnámi, skulu þau með samningi skuldbinda sig til að byggja eða sjá um, að byggð verði íbúðar- og peningshús og aðrar nauðsynlegar byggingar í samræmi við það skipulag, er nýbýlastjórn ákveður. Þegar uppfylltar hafa verið kröfur nýbýlastjórnar um byggingar og aðra tilhögun á landnámssvæðinu, þá verður viðkomandi sveitar- og bæjarfélag eigandi þeirra umbóta, sem nýbýlastjórn hefur látið framkvæma þar samkvæmt lögum þessum. Þegar sveitar- eða bæjarfélag kostar byggingar á landnámssvæðinu, nýtur það hlunninda samkv. 5. gr., eftir því sem við getur átt.

Býli þau, sem um ræðir í þessari grein, skulu leigð á erfðaábúð, eins og fyrir er mælt í lögum um óðalsrétt og erfðaábúð.

5. gr.

Á eftir orðunum „hinum nýju landnámsjörðum“ í 9. gr. laganna (sem verður 10. gr.) kemur: í rikiseign.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum samhljóða frv. um breyting á lögum um landnám ríkisins, sem landbúnaðarnefnd var sent frá búnaðarþingi. En aðalbreytingarnar eru tvær. Önnur er sú, að framlag ríkisins til mála þessara er hækkað úr 250000 kr. árlegum fjárframlögum, eins og þau eru í lögnum, í 500000 kr. Ber hvort tveggja til, að ekkert fé hefur enn verið lagt til mála þessara samkv. lögnum, svo og hitt, að kostnaður við framkvæmdir þessar hljóta að verða fjárfrekari nú en búizt var við, þá er lögin voru sett. Hin höfuðbreytingin er að heimila framkvæmdir þessar einnig á landi bæjar- og sveitarfélaga, en í lögnum var sú heimild bundin aðeins við land, sem er í eign ríkisins. Er landbúnaðarnefnd sammála búnaðarþingi um það, að rétt sé, að ríkið veiti hinn sama stuðning til þessara mála, ef bæjar- eða sveitarfélög vilja hefja framkvæmdir í þeim og leggja fram land til þess af sinni hálfu, eins og ef ríkið gerir það. Er málinu að sjálfsögðu að því aukinn stuðningur almennt, að fleiri aðilar leggi þar hönd að, auk þess að framkvæmd þess í einstökum atriðum getur orðið mikill styrkur að forgöngu bæjar- og sveitarfélaga til viðbótar við þann stuðning, sem ríkið veitir.